

Lög Félags heimspekikennara

1. Félagið heitir: Félag heimspekikennara.
2. Félagar geta orðið starfandi heimspekikennarar og leiðbeinendur í framhaldsskólum, grunnskólum og leikskólum svo og þeir sem hafa kennsluréttindi í heimspeki. Félagsstjórn samþykkir nýja féлага en aðalfundur sker úr vafaatriðum.
3. Stjórn félagsins er skipuð þremur mönnum, formanni, ritara og gjaldkera, og eru þeir kosnir til eins árs í senn nema formaður sem kosinn er til tveggja ára. Enginn skal sitja lengur en fjögur ár samfellt í stjórn.
4. Aðalfundur skal haldinn fyrir 30. júní ár hvert. Þá skal kosin stjórn og tveir endurskoðendur, lagðir fram reikningar og félagsgjöld ákveðin. Lagabreytingar má aðeins gera á aðalfundi og ræður einfaldur meirihluti. Tillögur að breytingum á lögum félagsins skulu fylgja aðalfundarboði. Kjörgengi og kosningarétt hafa aðeins skuldlausir félagar. Aðalfundur skal boða bréflaga með minnst 10 daga fyrirvara og telst hann þá löglegur.
5. Tilgangur félagsins er:
 - a) Að efla samstarf heimspekikennara í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum, m.a. með því að vera vettvangur fyrir skoðanaskipti um heimspekikennslu.
 - b) Að vinna að eflingu heimspekikennslu hérlendis með því að vera ráðgefandi aðili gagnvart fræðslu- og skólayfirvöldum um tilhögun heimspekikennslu í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum.
 - c) Að hafa forgöngu um endurmenntunarnámskeið og aðra fræðslustarfsemi fyrir heimspekikennara eftir því sem við á.

Samþykkt á stofnfundi 7. desember 1996